

NEFND HEILBRIGÐIS- OG  
TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIS UM ÍMYND  
ELLINNAR OG AÐ STARFA MEÐ ÖLDRUÐUM

# FRAMTÍÐARSKREF TIL AÐ MÆTA VAXANDI MANNAFLAÐÖRF Í ÞJÓNUSTU VIÐ ELDRI BORGARA

---

LOKASKÝRSLA – ÁRANGUR  
NEFNDARSTARFSINS ÁRIN 2000-2003 OG  
TILLÖGUR TIL RÁÐHERRA

ANNA BIRNA JENSDÓTTIR, AÐALSTEINN GUÐMUNDSSON, BIRNA K.  
SVAVARSDÓTTIR, JÓHANN ÁRNASON, SIGPRÚÐUR INGIMUNDARDÓTTIR,  
VILBORG INGÓLFSDÓTTIR, ÞÓRUNN SVEINBJÖRNSDÓTTIR

---

## INNGANGUR

---

Nefndin sem skipuð var árið 2000 af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til að vinna að bættri ímynd ellinnar og þess að starfa með öldruðum skilar hér með lokaskýrslu sinni. Nefndin hefur náð flestum þeim markmiðum sem sett voru fram í áfangaskýrslu til ráðherra 30. október 2000. Þá lagði nefndin fram tillögur um að stuðla bæri að vitundarvakningu meðal almennings og ekki síst yngri kynslóða, þar sem leitast væri við að opna augu fyrir þeim forréttindum að starfa með eldri borgurum og tækifærum sem í öldrunarþjónustunni bjóðast. Nefndin hefur haldið rúmlega 40 formlega fundi árin 2000-2003 fyrir utan fundi með samstarfsaðilum einstakra verkefna. Fundarstaðir hafa m.a. verið: hjúkrunarheimilin á Stór-Reykjavíkursvæðinu og öldrunarsvið LSH- Landakoti, félagsmiðstöðvar Reykjavíkurborgar, Efling stéttarfélag og heilbrigðisráðuneytið. Nefndin hefur leitað samstarfs við eldri borgara og starfsmenn öldrunarþjónustu, stéttarféлага og fjölmiðla með viðtölum og skoðanaskiptum. Einnig með myndun vinnuhópa um einstök verkefni s.s. ráðstefnurnar „Verðmæti umönnunar“ og „Sjálfböðin störf“. Nefndin hefur starfað formlega með ýmsum hagsmunaaðilum, s.s. félagsþjónustu sveitarféлага á höfuðborgarsvæðinu, Landssambandi eldri borgara, Ellimálaráði þjóðkirkjunnar, Reykjavíkurborg, Rauða kross Íslands og Landlæknisembættinu.

Það er ljóst að fyrir hvert nýtt hjúkrunarrými sem opnað verður í framtíðinni á Íslandi skapast a.m.k. eitt nýtt starf, að auki munu skapast fjölmörg ný störf við frekari uppbyggingu heimaþjónustu fyrir eldri borgara. Stjórnvöld þurfa að tryggja námstækifæri innan þeirra faggreina sem þörf verður fyrir þannig að jafnvægi verði á framboði og eftirspurn. Ennfremur þarf að tryggja stöðugleika í starfsmannahaldi í öldrunarþjónustu.

Árangur af störfum nefndarinnar er að finna hér sem og tillögur til framtíðar.

---

## ÁRANGUR AF STÖRFUM NEFNDARINNAR

---

**Íslenskt starfsnám fyrir erlenda starfsmenn í öldrunarþjónustu er tryggt árin 2000-2002 og áfram.**

Niðurstaða: Fjármagn til námsins var í upphafi tryggt með styrk frá menntamálaráðherra og félagsmálaráðherra. Námsgögn voru útbúin á vegum Námsflokka Reykjavíkur í samvinnu við LSH-Landakoti og vann sérstakur vinnuhópur, skipaður af þremur ráðuneytum, að verkefninu undir forystu félagsmálaráðuneytis. Framkvæmdin nú er sú að stofnanir fá námskeiðin greidd að 2/3 frá menntamálaráðuneyti og að 1/3 frá fræðslu- og starfsmenntunarsjóðum stéttarféлага.

**Ráðstefnan „Verðmæti umönnunar fyrir íslenskt samfélag“ haustið 2000.**

Samstarfsaðilar voru: Öldrunarráð Íslands, deild hjúkrunarforstjóra innan Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, Félag stjórnenda í öldrunarþjónustu, Sjúkraliðafélag Íslands, Efling stéttarfélag, Félag íslenskra öldrunarlækna, og Landssamtök aldraðra. Ráðstefnan var afar vel sótt og hlaut mikla athygli í fjölmiðlum.

Niðurstaða: Fylgja þarf eftir endurskoðun á verðmætamati starfa í öldrunarþjónustu og tryggja að kjör séu samkeppnisfær. Kjör sjúkraliða hafa verið bætt verulega í

síðustu kjarasamningum eða um 25% og kjör starfsmanna í Eflingu hátt í 18-20%. Byggð hefur verið brú fyrir starfsmenn Eflingar sem tekið hafa námskeið yfir í félagsliðanám, sem veitir þeim starfsréttindi og bætt kjör. Sú vinna er hjá menntamálaráðuneyti til staðfestingar. Nú eru 90 einstaklingar í félagsliðanámi gegnum brú Félagsþjónustunnar í Reykjavík. Vakning hefur orðið meðal starfsmanna sem lokið hafa hlutanámi á framhaldsskólastigi að fá mat til félagsliðanáms.

#### Ráðstefnan „Sjálfböðin störf meðal aldraðra“ vorið 2001.

Niðurstaða: Fenginn var gestafyrirlesari Lise Legarth frá Danmörku, en Danir hafa verið í framvarðasveit í uppbyggingu sjálfböðinna starfa meðal aldraðra. Aukning er í sjálfböðnum störfum innan öldrunarþjónustu. Ráðstefnan var afar vel sótt ekki síst af eldri borgurum og hlaut mikla athygli í fjölmiðlum.

Lagt er til að Framkvæmdasjóður aldraðra veiti samstarfi Félags eldri borgara, Rauða kross Íslands og kirkjunni stofnfjárveitingu til að samhæfa og efla sjálfböðið starf meðal aldraðra á Íslandi.

**Ráðstefnan „Nýjar námsleiðir fyrir fólk í umönnunarstörfum og sjúkraliða vorið 2002.** Haldin á vegum Öldrunarráðs Íslands í Gerðubergi sem hlekkur í átaksverkefninu. Ráðstefnan var afar vel sótt og hlaut mikla athygli í fjölmiðlum og fengu skólar fjölmargar fyrirspurnir í kjölfarið.

**Markaðsátak er miðar að því að hafa jákvæð áhrif á ímynd almennings gagnvart þeim sem elstir eru og til starfa meðal þeirra í samfélaginu árin 2001-2003.**


Nefndin myndaði samstarfshóp með fulltrúum eftirtalinna sveitarfélaga; Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði, Reykjavíkurborg og Mosfellsbæ vegna markaðsátaksins, þar sem bæði er um að ræða störf í heimaþjónustu og á stofnunum. Með nefndinni unnu að þessu verkefni þær Þóra Karlsdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir og Kolbrún Oddbergisdóttir tilnefndar sem fulltrúar borgar- og bæjarráða. Framkvæmdasjóður aldraðra, sveitarfélög, Landssamband lífeyrissjóða, Öldrunarráð Íslands, Efling stéttarfélag, og Öldrunarfræðafélag Íslands styrktu ímyndarátakið ásamt heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Framleitt var myndbandið „Lífið heldur áfram“ sem sýnt var í Ríkissjónvarpinu.

<b>2002</b>	<b>Innlit á vefinn</b>	<b>Gestir</b>	<b>Fléttingar</b>
Mái	4.152	3.117	5.207
Júní	552	484	
Júlí	207	156	392
Ágúst	138	87	
Sept.	108	95	464
Okt.	318	246	
Nóv.	151	127	172
<b>Samtals</b>	<b>5.626</b>	<b>4.312</b>	<b>6.235</b>

**ÍMYND ELLINNAR OG STARFA Í ÞÁGU ELDRÍ BORGARA, FEBRÚAR 2003**

Í framhaldinu fylgdi auglýsingaherferð í þremur áföngum, vor 2002, sumar 2002, haust 2002 og vetur 2003 þar sem myndbandsbrot voru sýnd í auglýsingatímum sjónvarpsrásanna og í dagblöðum, kvikmyndahúsum, strætóskýlum og einnig var fjallað um átaksverkefnið í fréttatímum útvarps og sjónvarps. Ritstjórn Morgunblaðsins stóð þétt við bak nefndarinnar vegna átaksins og gerði verkefninu góð skil. Myndbandið var sent öllum þjónustuaðilum í öldrunarþjónustu og skólum á Stór-Reykjavíkursvæðinu til notkunar sem kynningarmyndband.

Opnað var veforgið [www.ellismellur.is](http://www.ellismellur.is) sem er upplýsingasíða um atvinnu- og námstækifæri í störfum sem þjónusta eldri borgara.




Nefndin lét mæla umferð á [www.ellismellur.is](http://www.ellismellur.is) hjá Modernus internetfyrirtækinu. Síðan fékk verulega athygli í upphafi átaksins og voru innlit á hana 4.142 í maí mánuði 2002. Alls voru innlit 5.626 á sjö mánaða tímabili eða um 246 á mánuði að meðaltali ef maí mánuður er undanskilinn. Töluvert að atvinnuumsóknum til atvinnurekenda í öldrunarþjónustu kemur gegnum [www.ellismellur.is](http://www.ellismellur.is).

Veruleg aukning hefur orðið á nemendum sem stefna í hjúkrunarfræðinám en 160 einstaklingar sóttu um á 1. ár haustið 2002 í Háskóla Íslands. Aðsókn í sjúkraliðanám hefur ekki verið meiri í mörg ár. Framhaldsnám sértengt öldrunarþjónustu fyrir


sjúkraliða hefur einnig verið komið á og útskrifaðist fyrsti hópurinn í árslok 2002 og annar hóf nám. Aukin aðsókn er í félagsliðanám og vitundarvakning meða starfsmanna að láta meta námshluta inn í námið. Ímyndarátakið í öldrunarþjónustu og herferð Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og hjúkrunarfræðideildar Háskóla Íslands höfðu án efa veruleg áhrif á að þessi aukna aðsókn varð.

### Gallup könnun vor og vetur 2002.


Gerð var Gallupkönnun á viðhorfi til eldri borgara, störfum í þeirra þágu og kjörum vorið 2002 og í árslok 2002. Niðurstaða könnunarinnar var sú að viðhorf til eldri borgara er gott og jafn gott og til annarra aldurshópa. Fjöldi svarenda var 800 og tóku 99,5% afstöðu.




Ennfremur telur fólk mjög gefandi að starfa með öldruðum. Þannig töldu 92% það gefandi starf að vinna með öldruðum í apríl 2002 og 95% töldu það gefandi í desember 2002. Af því má leiða að virðingarvert sé að starfa í öldrunarþjónustu.



Hins vegar telja 96% svarenda að launakjör séu léleg.




Í seinni viðhorfsskönnuninni var því spurt um viðhorf til þess að hækka laun umönnunarstétta umfram aðrar stéttir og voru 79% fylgandi því.




Að lokum var spurt hvort fólk sæi atvinnutækifæri í öldrunarþjónustu og sáu 28% svarenda tækifæri þar.



Þegar nánar er skoðað hverjir það eru sem sjá atvinnutækifæri í öldrunarþjónustu, kemur í ljós að konur sjá frekar tækifæri en karlar.




Ef litið er á það hvaða konur sjá atvinnutækifæri í öldrunarþjónustu sést að yngri konur sjá frekar tækifæri en eldri.



Konur sem sjá atvinnutækifæri eru með menntun á öllum menntunarstigum.





#### Menntunarmál umönnunarstétta árin 2000-2002.

Byggð hefur verið brú ófaglærðra starfsmanna til réttindanáms. Þeir munu geta fengið starfsreynslu sína og námskeið metin til félagsliðanáms samkvæmt tillögum sem nú liggja til afgreiðslu í menntamálaráðuneyti. Komið hefur verið á framhaldsnámi til aukinna réttinda fyrir sjúkraliða. Stuðla þarf að aukinni ábyrgð sjúkraliða í starfi innan öldrunarþjónustu í kjölfar framhaldsnáms þeirra. Lagt er til að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra beiti sér fyrir því að unnið verði að því að framhaldsnám sjúkraliða verði þannig uppbyggt að hægt sé að stunda það með starfi.

#### Tekin hefur verið saman „Áætlun um uppbyggingu öldrunarþjónustu árin 2002-2007“ á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis.

Stjórnvöld þurfa að tryggja námstækifæri innan þeirra faggreina sem þörf verður fyrir þannig að jafnvægi verði á framboði og eftirspurn. Þannig þarf að fjölga námsplássum í hjúkrunarfræði, en þau eru nú einungis 65 við Háskóla Íslands. Aukning hefur verið í hjúkrunarnám og hófu u.þ.b. 160 nemendur nám haustið 2002, ljóst er að einungis 65 þeirra munu komast áfram vegna takmörkunar á námsplássum. Hjúkrunarfræðinám á Akureyri og í fjarkennslu nokkurra sveitarfélaga hefur tekist vel og er afar mikilvægt að styðja áfram svo eldra fólk geti dvalið í sinni byggð þótt halli undir fæti og tryggt sé að fagmenntað starfsfólk búi þar.

Lokaorð

Nefndin þakkar þeim fjölmörgu sem lögðu afmörkum og studdu fyrrgreind verkefni með sjálfböðnum störfum, áhuga sínum og fjárframlögum.

Reykjavík 19. febrúar 2003

f.h. nefndarinnar

Anna Birna Jensdóttir formaður

# Tillögur til ráðherra

Framtíðarskref sem stíga þarf til að mæta auknum atvinnutækifærum í þjónustu við eldri borgara

---

## TILLÖGUR UM FRAMTÍÐARVERKEFNI

---

1. Að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra beiti sér fyrir því að menntamálayfirvöld taki til skoðunar hvort meta megi starfstíma ungmenna á sjúkra- og öldrunarstofnunum, sem og í heimaþjónustu til eininga á framhaldsskólastigi. Þar með væri kominn hvati fyrir ungt fólk til að kynnst öldrunarþjónustunni.
2. Að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra beiti sér fyrir því að unnið verði að því að framhaldsnám sjúkraliða verði þannig uppbyggt að hægt sé að stunda það með starfi.
3. Að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra beiti sér fyrir því að komið verði á fjárfundabúnaði á öldrunarstofnunum þannig að starfsmenn geti stundað fjarnám/símenntun í vinnutíma. Ennfremur má horfa til þeirra möguleika sem heilbrigðisvefurinn gefur í þessu efni.
4. Að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra/Landlæknisembættið beiti sér fyrir því að atvinnurekendur í öldrunarþjónustu marki sér stefnu um að erlendir starfsmenn kunni íslensku áður en þeir hefja störf í öldrunarþjónustu.
5. Að Framkvæmdasjóður aldraðra veiti samstarfi Félags eldri borgara, Rauða kross Íslands og kirkjunnar stofnfjárveitingu til að samhæfa og efla sjálfbúið starf meðal aldraðra á Íslandi.
6. Að veforgið [www.ellismellur.is](http://www.ellismellur.is) verði fært í umsjón Öldrunarráðs Íslands sem veforg fyrir þjónustu við eldri borgara og verði samnefnari náms- og atvinnutækifæra innan öldrunarþjónustunnar.
7. Að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti hvetji atvinnurekendur í öldrunarþjónustu til að starfa markvisst að því að bæta ímynd sína inn á við sem út á við. Tryggja þarf starfsmannavænt umhverfi þar sem mannauður er virtur í verki.
8. Að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra veiti áfram viðurkenningar til þeirra sem varpa jákvæðum straumum til almennings um ellina og þjónustu við eldri borgara.

---

## FYLGISKJAL 1.

### BIRT EFNI TENGD VERKEFNUM NEFNDARINNAR

---

Myndbandið „Lífið heldur áfram“ unnið af Saga-film fyrir átakshóp um ímynd öldrunarþjónustu árið 2002. Sýnt í sjónvarpinu 2002.

Bætt ímynd þjónustu við aldrað fólk. Átakshópur heilbrigðisráðherra. Umfjöllun í Morgunblaðinu 12. maí 2002.

Atvinnutækifæri á nýrri öld-eldri þjóð. Grein eftir Önnu Birnu Jensdóttur í Morgunblaðinu 11.maí 2002.

Ímynd öldrunarþjónustu. Umfjöllun í leiðara Morgunblaðsins 10.maí 2002.

Þörf fyrir aukna þjónustu mætt. Átakshópur um breytta ímynd öldrunarþjónustu á vegum heilbrigðisráðherra og sveitarfélaga. Umfjöllun Morgunblaðsins 9. maí 2002.

Viðbúið að háöldruðum fjölgi um 50% á næstu 20 árum. Umfjöllun á www.mbl.is 8.maí 2002.

Aldraðir fagna ungu fólki í öldrunarþjónustu. 18-35 ára fólk laðað að störfum í öldrunarþjónustu. Viðtal við formann nefndarinnar í Morgunblaðinu 7. maí 2002.

Sjálfbóðið starf. Viðtal við Önnu Birnu Jensdóttur í Morgunblaðinu 27.apríl 2001.

Hverjir koma að öldrunarþjónustunni í framtíðinni? Grein Birnu K. Svavarsdóttur hjúkrunarforstjóra Eirar. Grein í Morgunblaðinu apríl 2001.  
[http://heilbrigdisraduneyti.is/interpro/htr/htr.nsf/Files/grein6/\\$file/Grein6.pdf](http://heilbrigdisraduneyti.is/interpro/htr/htr.nsf/Files/grein6/$file/Grein6.pdf)

Heimsóknarþjónusta kirkjunnar. Kristin Bögeskov djákni. Grein í Morgunblaðinu 26. apríl 2001.

Sjálfbóðið starf í þágu aldraðra. Pálína Jónsdóttir sjálfbóðaliði RKÍ. Grein í Morgunblaðinu 24. apríl 2001. Maður er manns gaman. Erindi Pálínu Jónsdóttur frá ráðstefnunni.  
<http://heilbrigdisraduneyti.is/interpro/htr/htr.nsf/pages/aldradir0015>

Umhyggju er ekki hægt að kaupa. Viðtal við Lise Legarth sem kom á vegum nefndarinnar sem gestafyrirlesari á ráðstefnuna Sjálfbóðin störf. Grein í Morgunblaðinu 22. apríl 2001. Erindi Lise Legarth frá ráðstefnunni.  
<http://heilbrigdisraduneyti.is/interpro/htr/htr.nsf/pages/aldradir0014>

Sjálfbóðið starf. Erindi Valgerðar Gísladóttur formanns Ellimálanefndar kirkjunnar.  
<http://heilbrigdisraduneyti.is/interpro/htr/htr.nsf/pages/aldradir0013>

Öldrun kemur öllum við". Grein eftir Jóhann Árnason framkvæmdastjóra Sunnuhlíðar í Morgunblaðinu 5. desember 2000.

Ráðstefnan „Verðmæti umönnunar fyrir íslenskt þjóðfélag. Öldrunarþjónusta – samábyrgð þjóðarinnar“. Skýrsla útgefin af nefnd HTR um breytta ímynd ellinnar og þess að starfa með öldruðum. 30. nóvember 2002.

[http://heilbrigdisraduneyti.is/interpro/htr/htr.nsf/Files/Verdmaetiumonnunar-erindifraradstefnu,nov.2000/\\$file/Verdmati-umonnunar.pdf](http://heilbrigdisraduneyti.is/interpro/htr/htr.nsf/Files/Verdmaetiumonnunar-erindifraradstefnu,nov.2000/$file/Verdmati-umonnunar.pdf)

Umönnunarstörf í nútíð og framtíð. Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir formaður Öldrunarráðs Íslands. Grein í Morgunblaðinu 30. nóvember 2000

[http://heilbrigdisraduneyti.is/interpro/htr/htr.nsf/Files/grein5/\\$file/Grein5.pdf](http://heilbrigdisraduneyti.is/interpro/htr/htr.nsf/Files/grein5/$file/Grein5.pdf)

Mikilvægi félagsstarfs á hjúkrunar- og vistheimilum. Soffía Egilsdóttir félagsráðgjafi og forstöðumaður félags- og vistunarsviðs Hrafnistuheimilanna. Grein í Morgunblaðinu 30. nóvember 2000

Málaflokkurinn Öldrun kemur öllum við. Sigprúður Ingimundardóttir hjúkrunarforstjóri Sólvangi. Grein í Morgunblaðinu nóvember 2000

[http://heilbrigdisraduneyti.is/interpro/htr/htr.nsf/Files/grein3/\\$file/Ung-elli.pdf](http://heilbrigdisraduneyti.is/interpro/htr/htr.nsf/Files/grein3/$file/Ung-elli.pdf)

Langlífi og heilsufar aldraðra á Íslandi. Aðalsteinn Guðmundsson lækningaforstjóri Hrafnistu. Grein í Morgunblaðinu 28. nóvember 2000.

[http://heilbrigdisraduneyti.is/interpro/htr/htr.nsf/Files/grein4/\\$file/Grein4.pdf](http://heilbrigdisraduneyti.is/interpro/htr/htr.nsf/Files/grein4/$file/Grein4.pdf)

Ellin, heilbrigði og stofnanavistun. Anna Birna Jensdóttir sviðsstjóri LSH. Landakoti og formaður ímyndarnefndar HTR. Grein í Morgunblaðinu 28. september 2000.

[http://heilbrigdisraduneyti.is/interpro/htr/htr.nsf/Files/grein/\\$file/Grein.pdf](http://heilbrigdisraduneyti.is/interpro/htr/htr.nsf/Files/grein/$file/Grein.pdf)

Öldrunarþjónusta, samábyrgð þjóðarinnar. Hafsteinn Þorvaldsson ritari Landsambands eldri borgara. Grein í Morgunblaðinu 27. september 2000.

Öldrunarþjónusta, hratt vaxandi málaflokkur. Anna Birna Jensdóttir sviðsstjóri LSH. Landakoti og formaður ímyndarnefndar HTR. Grein í tímariti hjúkrunarfræðinga, haustið 2000.

[http://heilbrigdisraduneyti.is/interpro/htr/htr.nsf/Files/grein2/\\$file/Grein2.pdf](http://heilbrigdisraduneyti.is/interpro/htr/htr.nsf/Files/grein2/$file/Grein2.pdf)

Nefndarmenn komu einnig fram í fjölmörgum viðtölum í útvarpi og sjónvarpi tengdum ofangreindum verkefnum.

---

## FYLGISKJAL 2.

### VIÐURKENNINGAR TENGT VERKEFNUM NEFNDARINNAR

---

## HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTI VEITTI EFTIRTÖLDUM AÐILUM VIÐURKENNINGAR FYRIR

### **sjálfboðið starf í þágu aldraðra**

Kvenfélagasambandi Íslands fyrir sjálfboðið framlag kvenna innan kvenfélaga um allt land til að bæta aðbúnað og byggja upp þjónustu fyrir aldraða. Helga Guðmundsdóttir formaður Kvenfélagasambands Íslands veitir viðurkenningunni móttöku.

Kvennadeild Reykjavíkurdeildar Rauða kross Íslands fyrir öflugt starf á sjúkrastofnunum fyrir aldraða síðastliðin 40 ár. Má þar helst nefna heimsóknarþjónustu, bókasafnsþjónustu og rekstur sölubúða.

Hulda Óskarsdóttir Perry formaður kvennadeildarinnar veitir viðurkenningunni móttöku.

Þremur sjálfboðaliðum á vegum Þjóðkirkjunnar fyrir frumkvöðlastarf við uppbyggingu heimsóknarþjónustu kirkjunnar.

Margrét Hrjóbjartsdóttir hjúkrunarfræðingur og safnaðarsystir í Laugarnessókn.

Sigríður Jóhannsdóttir sjúkraliði og safnaðarsystir í Langholtssókn.

Hanna Þórarinsdóttir hjúkrunarfræðingur og safnaðarsystir í Háteigssókn.

Þær hafa allar að baki áratuga starf innan kirkjunnar og hafa vakið athygli fyrir sína hljóðlátu en ómetanlegu sjálfboðavinnu í þágu aldraðra einstæðinga.

Leigubifreiðastjórum á Bæjarleiðum, en þar fer hópur atvinnurekenda sem reglubundið hefur boðið fram akstursþjónustu til aldraðra til að létta lund og veita tilbreytingu inn í daglega lífið. Hallkell Þorkelsson framkvæmdastjóri Bæjarleiða veitir viðurkenningunni móttöku.

**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra veitti eftirtöldum aðilum viðurkenningu fyrir að skara fram úr í störfum sínum fyrir og með öldruðum:**

- Ásdís Skúladóttir fær viðurkenningu fyrir hugmyndaauðgi og frumkvæði í starfi sínu samanber verkefnið Kynslóðirnar mætast.
- Þeir vösku menn sem kalla sig Veðurklúbbinn á Dalvík fá viðurkenningu fyrir veðurspárnar - þeir spáðu fyrir veðrinu á Vesturlandi fyrir mig í sumar og sú spá hefur gengið eftir það sem af er.
- Félagsstarf aldraðra í Gerðubergi undir stjórn Guðrúnar Jónsdóttur fær viðurkenningu, en á þess vegum er Vinabandið, kór og margvíslegt annað félagsstarf sem miðar að því aldraðir gefi gleði inn í líf annarra, s.s aldraðra á öldrunarstofnunum.
- Kristjana Þorgilsdóttir starfsmaður á elli-og hjúkrunarheimilinu Grund, sem hefur starfað í öldrunarþjónustu í 51 ár og sem slík verið samnefnari þeirra sem helgað hafa störf sín í þágu aldraðra og sýnt mikla trúfestu við málaflokkinn.
- Þór Halldórsson öldrunarlæknir sem nú er í hópi eldri borgara en hann fær viðurkenningu fyrir ötula framgöngu um breytta ímynd öldrunar á starfsferli sínum,
- Lionshreyfingin veðurkenningu fyrir framlag sitt til öldrunarmál, hreyfingin bætti enn einni rauðri skrautfjöður í hatt sinn með söfnuninni Rauða fjöðrin.

Störf þeirra sem hér er veitt viðurkenning á sér að minnsta kosti eitt sameiginlegt. Það er virðingin fyrir viðfangsefninu og virðingin fyrir fólkinu.

